

Nd.

454. Breytingartillaga

[121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 29. gr. Aftan við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu á framlagi sínu til Tryggingastofnunar ríkisins í eitt ár eða lengur, og er ráðherra þá heimilt að ákveða, að hald skuli lagt á ákveðinn hluta álagðra, óinnheimtra útsvara í sveitarfélaginu á þann hátt, að gjaldkeri sveitarsjóðsins greiði hinn tiltekna hluta innheimtumanni ríkisins jafnóðum og útsvörin innheimtast.

Virði sveitarfélag að vettugi fyrir mæli ráðherra um að skila tilteknum hluta útsvara til lúkningar skuld sinni við Tryggingastofnun ríkisins, er ráðherra heimilt að ákveða, að á útsvör tiltekinna stofnana, fyrirtækja og einstaklinga í sveitarfélaginu skuli lagt hald og þau greidd innheimtumanni ríkisins, þegar þau falla í gjalddaga. Skal sú skipun haldast þar til skuld sveitarsjóðsins við Tryggingastofnun ríkisins er að fullu greidd eða ráðherra hefur afturkallað fyrir mælin.